

Úrskurður nr. 9/2005.

Kærð var endurákvörðun tollstjóra af bifreið sem var flutt til landsins. Tollstjóri beitti 10. gr. Tollverðsreglugerðar nr. 374/1995 við ákvörðun tollverðs. Kærandi gerir kröfu um að reikningsverð verði lagt til grundvallar við útreikning tollverðs. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra í málinu.

Með bréfi, dags. 29. júní 2005, kærir L. f.h. A., úrskurð tollstjóra frá 25. maí 2005, varðandi aðflutningsgjöld bifreiðar af gerðinni Jeep Grand Cherokee Limited. Bifreiðin er árgerð 2001 og skrásetningarnúmer hennar er PZ-961. Bifreiðin var flutt inn notuð frá USA í sendingu E-BRU 16 03 5 US EVE W201. Kærandi krefst þess að tollverð bifreiðarinnar verði ákvarðað skv. framlögðum reikningi. Tollstjóri hafnar því og ákvarðar tollverð bifreiðarinnar skv. 10. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að bifreiðin sé af gerðinni Jeep Grand Cherokee Limited árgerð 2001, skráningarnúmer PZ-961. Bifreiðin var flutt inn í sendingu E BRU 16 03 5 US EVE 201, seljandi RV'S And Autos, Brentwood, N.H. USA. Skoðun tollvarða leiddi í ljós að bifreiðin var vel með farin og sáu þeir enga útlitsgalla á henni. Vegmælir sýndi að bifreiðinni hafði verið ekið 95.221 mílur. Samkvæmt framlögðum vörureikningi var viðskiptaverð bifreiðarinnar USD 10.200.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að samkvæmt 17. gr. rgl. nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun skuli tollstjóri við tollafgreiðslu ökutækis bera viðskiptaverð þess, eins og það kemur fram í aðflutningssskýrslu eða fylgiskjólum, saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. The Automobile Red Book er handbók um markaðsverð notaðra bifreiða í viðskiptalandinu. Í febrúarútgáfu bókarinnar er markaðsverð bifreiða, sem eru sambærilegar þeirri sem hér er ræðir, skráð USD 19.425 og er þá miðað við að bifreiðinni hafi verið ekið 60.000 mílur. Ökumælir bifreiðarinnar sem hér er fjallað um sýndi 95.221 mílur við útflutning og koma þá til frádráttar USD 1.775. Markaðsverð er því USD 17.650, sem er 42.21% hærra en það verð sem fram kemur á vörureikningi.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að starfsmenn hans hafi kannað verð hjá fleiri aðilum s.s. Nada Guides sem sé virt rit um markaðsverð notaðra bifreiða í viðskiptalandinu. Á vefsíðu þeirra hafi innkaupsverð á sambærilegri bifreið að teknu tilliti til sömu forsendna, þ.e. tillit tekið til aksturs, USD 16.600. Þá gefi Kelley Blue Book upp í maímánuði "retail value" USD 18.100 fyrir sambærilega bifreið á sinni heimasíðu.

Embættið óskaði skýringa innflytjanda á lágu innkaupsverði bifreiðarinnar með bréfi dags. 22. mars s.l. Umbjóðandi innflytjanda sendi svar f.h. hönd innflytjanda með tölvupósti. Þar segir m.a.: „*Innflytjendur eru einstaklingar sem fengu aðstoð við að kaupa sér þessar bifreiðar og greiddu það verð sem fram kemur á reikningunum. Bifreiðarnar eru keyptar af viðurkenndum aðilum og það er hægt að svipaðar bifreiðar á eBay fyrir sambærilegt verð. Varðandi ástand bifreiðanna þá er Jeep Grand Cherokee ekinn 93.000 mílur*“ Þá var bent á að ábyrgð fylgi ekki bifreiðinni.

Tollstjóri taldi svar umboðsmanns innflytjanda ekki næga skýringu til að skýra hið lága innkaupsverð bifreiðarinnar og kynnti honum bréflaga þá ákvörðun að framlögðum vörureikningi væri hafnað og embættið hefði ákveðið að ákvarða FOB verð bifreiðarinnar USD 12.750, með vísan til 10. gr. rgl. nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun.

Þá segir í greinargerð tollstjóra, með úrskurðinum, að fram komi í kærnu innflytjanda frá 26. apríl s.l. að bifreiðin hafi verið flutt inn til nota fyrir hann og fjölskyldu hans. Aðili sem búsettur sé í Bandaríkjunum og þekki vel til hafi fundið bíl á mjög hagstæðu verði, sem m.a. helgist af því að bifreiðin var mikið ekin eða 95.000 mílur sem samsvarar 152.000 km. Verðið sem bílasölu seljanda bifreiðarinnar var greitt fyrir bifreiðina hafi verið USD 9.500 og við bættist þóknun til handa aðila þeim sem fann bifreiðina USD 700 eða samtals USD 10.200. Fram kemur í gögnum að innflytjandi greiddi kr. 659.715 inn á reikning þess er fann bifreiðina fyrir hann. Sú upphæð samsvarar fram komnu reikningsverði miðað við gengi á greiðsludegi. Meira var ekki greitt fyrir bifreiðina í Bandaríkjunum en að sjálfsögðu var greitt farmgjald og iðgjald vátryggingar. Með kærubréfinu var lagður fram vörureikningur dags. 4. febrúar 2005 þar sem fram kemur að Tulley, South Nashua New Hampshire seldi RV's and Autos Are, Brentwood, N.H. bifreiðina á USD 9.500. RV's and Autos selur innflytjanda bifreiðina 15 dögum seinna á sama verði.

Tollstjóra er ekki ljóst hvers vegna starfsmenn Ev's and Autos, sem væntanlega hafa þá atvinnu að kaupa og selja bíla, gera viðskipti sem þessi og ekki er honum kunnugt um dæmi þess að erlendur seljandi bæti við vörureikninginn þóknun sem fjölskylduvinur kaupanda fær fyrir að finna rétta bílinn og koma fram fyrir hans hönd við viðskiptin eins og virðist hafa verið gert í þessu tilfelli. Þrátt fyrir að innflytjandi hafi keypt bifreiðina til nota fyrir sig og fjölskyldu sína, eins og fram kemur í kærnu, er það skylda embættisins að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um innflutning á vörum til landsins, þar með talið innflutning á notuðum ökutækjum. Tollstjóri telur fram komnar skýringar ekki skýra hið lága innkaupsverð.

Í 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, er að finna þá meginreglu að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna við sölu hennar til útflutnings með þeim leiðréttingum sem leiðir af 9. gr. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir rgl. nr. 374/1995, ásamt 148. gr. tollalaga. Reglugerðin er sett með stöð í 10. gr. tollalaga, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1995 og 148. gr. tollalaga.

Í 2. gr. tollverðsreglugerðarinnar kemur fram að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana með leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 3. gr., að uppfylltum skilyrðum. Þau skilyrði sem sett eru fyrir því að viðskiptaverð vöru sé lagt til grundvallar eru tilgreind í a-e lið 2. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Fram kemur í e lið reglugerðarinnar að viðskiptaverðið verði lagt til grundvallar ef tollstjóri dregur ekki í efa sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð í aðflutningssskýrslu eða fylgiskjólum.

Í 1. mgr. 10. gr. tollverðsreglugerðarinnar kemur fram að sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 2. gr. skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama tíma eða svipuðum tíma. Í síðustu málsgrein 10. gr. kemur fram að finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum, skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði vörunnar.

Í samræmi við 10. gr. tollverðsreglugerðarinnar var kannaður innflutningur á sams konar bifreiðum og keyptar höfðu verið á sama markaðssvæði á svipuðum tíma og sú sem hér er til umfjöllunar. Nokkrar bifreiðar komu til álita. Bifreiðin BX-099 var tekin til viðmiðunar en hún er að mati embættisins fyllilega sambærileg, sama árgerð, tegund og undirtegund, útlit og ástand óaðfinnanlegt og við útlutning til landsins hafði henni verið ekið 78.750 mílur. Bifreiðin var keypt af Car Connections Ink. Levittown, Philadelphia USA, 2. desember 2004. Söluverð var USD 12.750, sem var lægsta innkaupsverð þeirra bifreiða sem kannaðar voru.

Tollstjóri úrskurðar, samkvæmt 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með vísan til þess sem að framan er rakið og á grundvelli 10. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, að FOB-verð bifreiðarinnar PZ-961 skuli vera USD 12.750 og aðflutningsgjöld reiknuð samkvæmt því.

Í kæru umboðsmanns innflytjanda segir m.a. að innflytjandi geri athugasemdir við úrskurð tollstjóra frá 25. maí 2005. Í úrskurði tollstjórans sé viðskiptaverð bifreiðarinnar dregið í efa og séu gefnar þar upp fjárhæðir sambærilegra bíla skv. handbókum og heimasíðum sem hafa að geyma gangverð notaðra bíla í Bandaríkjunum. Í úrskurði tollstjórans sé hins vegar ekki tekið tillit til þess hve mikið þessari bifreið hafi verið ekið miðað við aldur hennar. Þá sé það alkunna í bílaviðskiptum að viðmiðunarverð bifreiða gefi ekki alltaf rétta mynd af því verði sem hægt sé að fá þá keypta á. Þetta gildi bæði í Bandaríkjunum sem og hér á landi. Það sé alþekkt í viðskiptum með notaðar bifreiðar að viðmiðunarverð sé bara til viðmiðunar og oftast sé hægt að fá þá keypta á mun lægra verði en viðmiðunarverðið segir til um. Fyrir liggir reikningur vegna þessara viðskipta og á honum komi fram raunverulegt kaupverð bifreiðarinnar.

Þá er einnig vísað til mikils innflutnings á bifreiðum hingað til lands sem skýrist fyrst og fremst af því að hægt sé að gera sérlega hagstæð kaup á bílum í Bandaríkjunum og þá sérstaklega á uppboðsvefum eins og ebay.com.

Þá segir í kærinni að innflytjandi hafi ekki keypt sína bifreið á slíkum uppboðsvef heldur notið aðstoðar aðila sem þekki mjög vel til í innkaupslandinu og nýtt til þess sín viðskiptasambönd.

Þá segir í kærinni að innflytjandi hafi ekki skýringu á því hvers vegna bifreiðin var seld tvívegis á sama verði en hins vegar sanni umræddur reikningur að bifreiðin hafi verið seld og keypt á 9.500.-USD og því sé það verð ekki óeðlilegt á neinn hátt.

Þá segir að innflytjandi hafi ekki mikla reynslu af bílaviðskiptum og sé þessi bifreið flutt inn til nota fyrir hann og fjölskyldu hans. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir hvort viðskiptaverð bifreiðarinnar væri óeðlilega lágt né hátt, heldur bara að verðið væri sér hagstætt. Innflytjanda finnst hann vændur um svik í umræddum viðskiptum með endurákvörðun tollstjóra á tollverði bifreiðarinnar.

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi og úrskurðað verði að raunverulegt viðskiptaverð bílsins verði lagt til grundvallar við ákvörðun aðflutningsgjalda af bifreiðinni.

Með bréfi dags. 5. ágúst 2005 var tollstjóranum í Reykjavík send kærán til umsagnar. Í svari sem barst nefndinni þann 30 s.m. fer tollstjóri yfir málið og rekur það lið fyrir lið. Þar kemur m.a. fram að kærandi gerir athugasemdir við að tollstjóri taki ekki tillit til þess hve mikið bifreiðin sé ekin þegar kaup hennar voru gerð. Tollstjórinn í Reykjavík bendir á að tollstjóri taki tillit til þessa aksturs við útreikning bifreiðarinnar og þegar gerður var samanburður á verði hennar við sambærilegar bifreiðar í Red Book.

Þá segir að við verðmat bifreiðarinnar, sem kveðið sé á um í 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun, hafi tollstjóri stuðst við upplýsingar um meðalverð sem fram koma í Red Book, en rit þetta sé gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaíðnaðarins í Bandaríkjunum. Í Red Book sé gert ráð fyrir verðleiðréttingu m.a. vegna aksturs og var það gert í þessu máli. Tollstjóri telur því ljóst að viðmiðunarverð það sem fram kemur í Red Book gefi raunhæfa mynd af markaðsverði umræddrar bifreiðar, að teknu tilliti til aksturs.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í hinum kærða úrskurði tollstjóra, komi fram að viðmiðunarverð ökutækis af þeirri gerð og árgerð sem hér um ræðir sé USD 19.425,00. Við útreikning viðmiðunarverðs virðist tollstjóri hafa lagt til grundvallar viðmiðunartölur úr Red Book fyrir apríl 2005, en ekki febrúar eins og segir í úrskurðinum. Það skal áréttað að embætti tollstjórans í Reykjavík hefur hingað til lagt til grundvallar þau rit af Red Book sem í gildi eru þegar vörusending kemur til landsins, þ.e. í þessu tilviki fyrir febrúarmánuð árið 2005 (febrúarritið gildir frá 15. febrúar til 31. mars). Að mati embættis tollstjórans í Reykjavík hefði verið rétt að miða viðmiðunarverð umrædds ökutækis við USD 19.575,00 út frá viðmiðunarverði í febrúar 2005.

Tollstjóri telur að færa megi rök fyrir því að rétt sé að láta viðmiðunarverð þess mánaðar er vörureikningur sé gefinn út í gilda en telur rétt að eftirláta ríkistollanefnd að taka afstöðu til þess attriðis sérstaklega, telji hún þess þörf.

Þá segir að til frádráttar á viðmiðunarverði vegna aksturs bifreiðar skv. öikumæli virðist tollstjóri hafa í úrskurði sínum lagt til grundvallar USD 1.775,00. Tollstjóri telur að þessi frádráttarliður í hinum kærða úrskurði sé ekki réttur. Rétt hefði verið að draga frá viðmiðunarverði USD 4.075,00 vegna aksturs skv. öikumæli, sbr. febrúarútgáfu Red Book. Viðmiðunarverð í hinum kærða úrskurði sé USD 19.425,00 og til frádráttar vegna aksturs USD 1.775,00, þ.e. samtals USD 17.650,00. Þetta viðmiðunarverð er því að mati tollstjórans í Reykjavík ekki rétt. Telji ríkistollanefnd rétt að miða við apríl útgáfu Red Book eins og tollstjórinn í Hafnarfirði virðist hafa gert áréttar tollstjórinn í Reykjavík að rétt sé að draga USD 4.075,00 frá USD 19.425,00, samtals USD 15.350,00 og því séu frávik vörureiknings frá viðmiðunarverði 33,55%.

Rétt viðmiðunarverð er að mati tollstjórans í Reykjavík USD 19.575,00 og til frádráttar vegna aksturs USD 4.075,00, samtals USD 15.500,00. Frávik framlagðs vörureiknings USD 10.200,00, frá viðmiðunarverði er því 34,2% en ekki 42,21%, eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði. Þá eru frávik frá því sem kærandi heldur fram að sé raunverulegt kaupverð bifreiðar, þ.e. USD 9.500,00, frá viðmiðunarverði 38,71%. Það frávik sem lagt var til grundvallar í hinum kærða úrskurði er 42,21%, og því nokkrum hærra en það sem rétt er að mati embættis tollstjórans í Reykjavík. Það er mat tollstjóra að rétt sé að túlka framangreint kæranda í hag en ljóst er þó jafnframt að frávik er umtalsvert engu að síður.

Þegar um er að ræða umtalsvert frávik frá viðmiðunarverði verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 374/1995 og úrskurð ríkistollanefndar nr. 1/2004.

Þá segir að í kæru til ríkistollanefndar nefni kærandi þrjár skýringar á lágu verði bifreiðar samkvæmt vörureikningi. Í fyrsta lagi sé því haldið fram að hægt sé að fá svipaða bifreið á jafnlágu verði á uppboðsvefnum eBay. Ekki séu lögð fram gögn sem styðji þessa fullyrðingu. Í lauslegri könnun sem tollstjóri gerði á því hvert markaðsverð svipaðra

bifreiða væri á eBay hafi komið í ljós kom að unnt var að fá sambærilegar bifreiðar og jafnvel eldri útgáfur, á umtalsvert hærra verði en því viðskiptaverði sem hér sé deilt um.

Í öðru lagi sé bent á það af kæranda að við kaupinn hafi innflytjandi notið aðstoðar aðila sem sé búsettur í Bandaríkjunum og hafi reynslu af því að finna bíla á hagstæðu verði á því svæði sem hann býr. Tollstjóri telur að þrátt fyrir búsetu og reynslu af því að finna bíla á hagstæðu verði sé ósennilegt að unnt sé að kaupa bifreið á verði sem er tugum prósentu lægra en gengur og gerist á almennum markaði.

Þá sé því haldið fram að það að bifreiðin hafi verið seld 15 dögum áður en hún var seld innflytjanda á sama verði og innflytjandi keypti hana á, sýni að það verð er ekki óeðlilegt á neinn hátt. Tollstjóri telur að það verði að teljast fremur óvenjulegt að fyrirtæki sem selji bifreiðar að atvinnu geri slík viðskipti, þrátt fyrir að það sé ekki útilokað. Það hins vegar sannar ekki þá fullyrðingu kæranda að bifreiðin hafi verið keypt á USD 9.500,00. Þá telur tollstjóri óvenjulegt að seljandi bæti á vörureikning umboðspóknun fyrir óskyldan aðila sem kaupandi fær til að finna bifreið fyrir sig. Að mati tollstjóra er sú gerð enn frekar til þess að gera framlagðan vörureikning tortryggilegru.

Þá upplýsir tollstjóri að bifreiðin hafi verið seld þriðja aðila en í málatilbúningi kæranda hafi því verið haldið fram að bifreiðin hafi verið flutt hingað til lands til nota fyrir innflytjanda og fjölskyldu hans.

Í ljósi framangreinds telur tollstjórinn í Reykjavík viðskiptaverð bifreiðarinnar samkvæmt framlögðum vörureikningi mun lægra en almennt markaðsverð og að skýringar kæranda nægi ekki til að réttlæta svo mikið frávik. Því verði framlagður vörureikningur ekki lagður til grundvallar tollverðsákvörðun, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995 sem og ákvæða IV. og V. kafla sömu reglugerðar.

Í IV. kafla tollverðsreglugerðarinnar er mælt fyrir um hvernig tollverð skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða, sbr. nánar 10.-14. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun.

Í 1. mgr. 10. gr. tollverðsreglugerðarinnar kemur fram að sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 2. grein skuli tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma. Í síðustu málsgrein 10. gr. kemur fram að finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum, skuli nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði vörunnar.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í samræmi við 10. gr. reglugerðarinnar hafi verið kannaður innflutningur á sams konar bifreiðum sem keyptar höfðu verið á sama markaðssvæði á svipuðum tíma og umrædd bifreið. Nokkrar bifreiðar hafi komið til álit eins og fram komi í hinum kærða úrskurði. Skoðun hafi leitt í ljós að unnt var að taka til viðmiðunar bifreið, verksmiðjunúmer 1J4GW58N51C713934, sem tollafgreidd hafi verið þann 10. janúar s.l., enda hafi hún að mati starfsmanna tollstjóra verið fyllilega sambærileg. Tollstjórinn í Reykjavík gerir ekki athugasemd við það mat enda voru báðar bifreiðarnar skoðaðar hjá sama tollstjóraembættinu. Tollstjóri telur þó rétt að vekja athygli á því að slíkt mat sé ávallt mjög vandmeðfarið, enda um nokkurra ára hluti að ræða sem eðli málsins samkvæmt geta verið í mjög ólíku ástandi. Í báðum tilvikum átti sér stað vöruskoðun á umræddum ökutækjum sem leiddu til þeirrar niðurstöðu að ástand og útlit umræddra ökutækja var talið óaðfinnanlegt. Söluverð viðmiðunarbifreiðarinnar var USD 12.750,00, sem var lægsta innkaupsverð þeirra bifreiða sem kannaðar voru. Bifreiðin var keypt á uppboðsvefnum eBay.

Embættið telur að rök kæranda nægi ekki til að skýra hið lága viðskiptaverð bifreiðarinnar og því beri að fallast á að tollverð bifreiðarinnar sé ákvarðað út frá annarri sams konar bifreið, sem keypt var á sama markaðssvæði á svipuðum tíma, skv. 10. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995, nánar tilgreint USD 12.750,00.

Með hliðsjón af öllu framansögðu krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 1. september 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 22. s.m. ítrekar kærandi fyrri kröfur.

Ríkisstollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Ágreiningur í máli þessu snýst um aðflutningsgjöld af bifreiðinni PZ-961 af gerðinni Jeep Grand Cherokee Limited, árgerð 2001, sem kom til landsins þann 16. mars 2005 með sendingu nr. E BRU 16 03 5 US EV W201.

Kærandi krefst þess að vörureikningur, sem lagður var fram við tollafgreiðslu hennar, verði lagður til grundvallar greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðinni. Tollstjóri hafnar því og ákvarðar innkaupsverð ökutækisins skv. 10. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seld er eða flutt inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar.

Það kemur fram í hinum kærða úrskurði að tollstjóri byggði ákvörðun sína um endurákvörðun á því að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar væri mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða í innkaupslandinu væru ekki trúverðugar. Tollstjóri ákvað því að beita samanburðarreglu 10. - 14. gr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun við verðákvörðunina, þar sem embættið taldi að það hefði undir höndum trúverðug skjöl yfir fyllilega sambærilega bifreið.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber tollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur tollstjórinn í Reykjavík lagt tollstjórum til ritið Red Book, sem hefur verið gefið út í áratugi í Bandaríkjunum og er notað þar af fjölmörgum aðilum, s.s. tryggingarfélagum og bílasölum.

Fyrir liggur að reikningsverð bifreiðarinnar PZ-961 er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu Red Book. Reikningsverð bifreiðarinnar PZ-961 er USD 10.200. Meðalverð sams konar bifreiða í Bandaríkjunum skv. Red Book að teknu tilliti til aksturs er USD 15.600. Reikningsverð er því rúmlega 34 % lægra en viðmiðunarverð í Red Book.

Fram kemur í greinargerð tollstjórans í Reykjavík að ekki er samræmi milli embættanna um verklag þegar borin eru saman viðmiðunarverð skv. Red Book. Tollstjóri þar sem innflutningurinn átti sér stað notar samanburðarverð í þeim mánuði sem vörureikningur er gefinn út en tollstjórinn í Reykjavík notar það verklag að miða við viðmiðunarverð skv. Red Book eins og þau eru við komu bifreiðanna hingað til landsins. Nefndarmenn eru sammála um að það sé rökrétt að nota þau verð til viðmiðunar sem tilgreind eru í Red Book í þeim mánuði sem vörureikningur vegna kaupa er gefinn út.

Í kröfugerð kæranda er leitast við að skýra hið lága innkaupsverð bifreiðanna. Þar kemur m.a. fram að innflytjandi hafði notið aðstoðar aðila sem búsettur er í innkaupslandinu og sagður þekkja vel til þessara mála og treystandi til að finna bifreið á hagstæðu verði og að bifreiðin sé mikið ekin. Nefndarmenn benda á að verð í Red Book eru meðalverð frá stærstu bifreiðasölum Bandaríkjanna unnin af fyrirtæki sem hefur áratuga reynslu í að safna þessum upplýsingum og koma þeim á framfæri. Í skránni er einnig gert ráð fyrir leiðréttingu verðs vegna aksturs og aukahluta. Nefndarmönnum finnst það ekki trúverðugt að aðili, þó að hann sé búsettur í innkaupslandinu og þekki þar til geti útvegað bifreið á verði sem er tugum prósentu lægra en gerist og gengur á hinum almenna markaði. Þá er rétt að benda á að framlagður "reikningur" er ótrúverðugur að allri gerð, hann er hvorki númeraður, né með prentuðu nafni útgefandans. Enda þótt reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsverð, verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar. Í ljósi þess hve mikil frávik eru á reikningsverði hinna innfluttu bifreiða annars vegar og markaðsverði sambærilegra bifreiða hins vegar, m.v. uppgæfin verð í ritinu Red Book svo og gerð og útliti reiknings er framlagður reikningur ekki trúverðugur. Nefndarmenn áréttu að verð þau sem uppgæfin eru í Red Book eru meðalverð og því þurfa skýringar innflytjanda sem framvísar reikningi sem er rúmlega 30% lægri en almenn innkaupsverð eru í viðskiptalandinu að vera traustar. Nefndarmenn telja framkomnar skýringar kæranda ekki skýra þennan mun. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla rgl. nr. 374/1995 ekki hægt að fallast á kröfu kæranda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar.

Tollstjóri kannaði innflutning á sambærilegum bifreiðum og ákvað að beita ákvæðum 10. gr. rgl. nr. 374/1995 við ákvörðun á tollverði bifreiðarinnar. Telur hann að viðmiðunarbifreiðin sé á allan hátt fyllilega sambærileg og sú sem deilt er um verð á. Skoðuð voru skjöl yfir innflutning á nokkrum bifreiðum. Telja starfsmenn tollstjóra að bifreið sú sem lögð er til samjöfnuðar sé fyllilega sambærileg. Ennfremur er innkaupsverð hennar lægst þeirra bifreiða sem kannaðar voru en verð hennar er USD 12.750. Ríkistollanefnd gerir ekki athugasemd við þetta verklag en tekur undir með tollstjóranum í Reykjavík að vandasamt sé að beita þessu reglugerðarákvæði þar sem um notaða hluti sé að ræða og taka verði tillit til margra þátta s.s. aksturs, útlits, viðhalds og meðferðar bifreiðarinnar í samanburðinum.

Með vísan til ofanritaðs samþykka nefndarmenn þá ákvörðun tollstjórans í Hafnarfirði að ákvarða verð bifreiðarinnar PZ-961 samkvæmt 10. gr. reglugerðar 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum staðfestir ríkistollanefnd úrskurð tollstjóra frá 25. maí 2005 um að FOB-verð bifreiðarinnar PZ-961 skuli vera USD 12.750.